

Nd. 746. Tillaga til þingsályktunar

um persónutrygging landsmanna vegna ófriðarins.

Flm.: Jóhann G. Möller.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að rannsaka möguleikana fyrir því, að sett verði á stofn sameiginleg persónutrygging landsmanna vegna ófriðarins, og telur deildin rétt, að ríkisstjórnin komi slíkri tryggingu á fót, ef fært þykir.

Á s t æ ð u r .

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp um ófriðartryggingar, og er það borið fram að tilhlutun hæstvirts atvinnumálaráðherra. Með frumvarpi þessu er tryggt sameiginlega fasteignir, lausafé og vörubirgðir gegn tjóni af völdum ófriðarins. Er þessi ráðstöfun talin mjög eðlileg og mælist vel fyrir. Mætti því ætla, að ekki yrði það talið óeðlilegra eða myndi mælast síður vel fyrir, að landsmenn yrðu tryggðir sameiginlega fyrir líftjóni af völdum hernaðarins.

Hafði flutningsm. þessarar þáttill. hugsað sér að bera fram sérstakar breytingar-tillögur um þetta efni í sambandi við frumvarpið um ófriðartryggingar, en komst brátt að raun um, að ekki væri hægt, að svo áliðnu þingi, að afla þeirra upplýsinga og þeirrar sérfræðipækkingar, sem nauðsynleg er til undirbúnings tillögum í þessu skyni, enda eðlilegast og hentugast, að ríkisstjórnin framkvæmdi nauðsynlega rannsókn málsins. Er þess vegna farin sú leið, sem greinir í framan greindri þáttill., og er það skoðun flutningsmanns, að athugun ríkisstjórnarinnar muni leiða það í ljós, að tryggingar þær, sem hér um ræðir, verði settar á stofn vonum fyrr.